

þeir allir þangað, sem veislan skyldi standa; en sáu engan viðbúnað í eldhúsinu, og litla birtu í herbergjunum. Í sömu andrúnni kom Morington á móti þeim út úr einhverju herberginu. „Hvað er þetta, Morington?“—mæltu þeir; „svo virðist sem þú hafir lítt hugsað fyrir skemtun vorri.“ Hann opnaði þegar í stað herbergi eitt. Þar inni sátu tíu bæjarmenn úr Lundúnum með hyski sínu að verði. Mennt þessir voru fyrir óhöpp komnir í skuldir, og höfðu skuldheimtunmenn þeirra látið setja þá í fangelsi, svo sem lög stóðu til. Morington hafði borgað skuldir þessara manna með fé því, er vinir hans höfðu honum í hendur selt, og leyst þá þannig úr höftunum; því næst hafði hann látið búa þeim máltíð, sem reyndar var eigi neinir dýrindisréttir, en matur, sem á borðum var, var góður og hressandi. Leifum peninganna hafði hann skift á milli þessara tíu manna, svo að þeir gætu keypt sér aftur tól og húsbúnað, er þeir þyrftu, og komist úr kröggunum aftur. „Þér vilduð hafa sanna guðaveislu og himneska“—mælti Morington. „Þarna er hún. Þannig mettar drottinn oss dag hvern og seður með blessun sinni.“ Bæjarmenn þeir, er að borðinu sátu, gátu eigi orðum komið að þakklátsemi sinni; en augu þeirra og tár vottuðu nóg samlega um tilfinningar hjartnanna. Hinir ungu Englendingar komust mjög við af þessu og settust undir borð við hliðina á hinum, og þá er þeir skyldu halda burt, mæltu þeir við Morington: „Þú hefir í sannleika búið oss guðdómlega veislu“, og hétu skriflega jafnmiklu næsta ár, er verja skyldi á sama hátt.

Þýtt hefir *Halldór Kr. Friðriksson* heitinn yfirkennari.

„Sameiningin“ kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „Börnin“—barnablaðið nýja—er sérstök deild í „Sam.“, hálf örk. Address ritstjóra „Barnanna“: Selkirk, Man. — „Börnin“ koma og út sérstaklega—og eru seld fyrir 35 ct.

Hr. *Jón J. Vopni* er féhirðir og ráðsmaðr „Sam.“ og „Barnanna“.

Address: Sameiningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man.
Canada.